



Fiskiskipatrygging

Skilmáli nr. MM30

Tryggjandi er VÍS tryggingar hf., kt. 670112-0470, hér eftir nefnt „VÍS“.

Um trygginguna gildir:

- Skírteinið ásamt áritunum og sérskilmálum.
- Skilmáli þessi nr. MM30.
- Almennur skilmáli VÍS nr. YY10.
- Lög um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

Skírteini og endurnýjunarkvittun ganga framur skilmálum. Skírteini, endurnýjunarkvittun og skilmálar ganga framur frávikjanlegum lagaákvæðum.

Fiskiskipatrygging tryggir skip sem notuð eru til fiskveiða í atvinnuskyni. Hún er samsett úr tveimur tryggingum. Húftryggingu sem bætir ýmis tjón sem verða á skipinu, á sjó eða á landi og ábyrgðartryggingu sem bætir tjón 3ja aðila.

Skilmáli segir til um hvaða réttindi og skyldur þú og VÍS hafið.
Skírteini staðfestir að þú hafir keypt tryggingu hjá VÍS. Skírteinið er aðgengilegt með því að skrá sig inn á vis.is.

I. Almenn ákvæði

1. Hvað er tryggt?

- 1.1 Tryggingin tekur til þess skips sem tilgreint er í skírteini eða endurnýjunarkvittun og fylgifyr þess.
- 1.2 Til fylgifyrjár skips teljast vélar skipsins, gangskrúfa og aðrar skrúfur, öxlar, gírar, vindur, rafkerfi, fiskleitartæki, fjarskiptatæki, siglingatæki og annar sambærilegur búnaður sem telst nauðsynlegur á hverjum tíma, auk björgunarbúnaðar, flotgalla og varahluta, enda séu þessir munir um borð í skipinu.
- 1.3 Tryggingin tekur ekki til hugbúnaðar, fiskikassa, fiskikara, umbúða, pakkninga, afla og veiðarfæra þ.á.m. varpa ásamt hlerum og vírum, nema og senda sem festir eru við veiðarfæri, belgja, bauja og bólfæra.

2. Hver er tryggður?

- 2.1 Eigandi skips er tryggður.

3. Hvar gildir tryggingin?

- 3.1 Tryggingin gildir á siglingasvæði norðan við 40° norðlægrar breiddar og sunnan við 70° norðlægrar breiddar, nema um annað sé samið. Á tímabilinu 15. maí til 16. nóvember gildir tryggingin einnig norðan við 70° norðlægrar breiddar.
- 3.2 Þó gildir tryggingin ef nauðsynlegt er að fara út fyrir hin landfræðilegu mörk vegna bótaskylds tjónsatburðar eða til að koma í veg fyrir tjón á mönnum eða munum. Skipinu skal ætíð siglt að nýju inn fyrir mörkin um leið og atvik eru ekki lengur fyrir hendi sem gerðu för þess út fyrir þau nauðsynleg.

4. Varúðarreglur

- 4.1 Skipið skal vera smíðað, útbúið og haldið við í samræmi við notkun þess. Jafnframt skal tryggður, eða aðilar sem hann ber ábyrgð á, fara eftir lögum og reglum sem settar eru til að tryggja öryggi skipsins.
- 4.2 Skipinu og vélum þess skal einungis stjórnað af aðilum sem hafa til þess fullgild réttindi eins og lög og reglur áskilja.
- 4.3 Ganga skal tryggilega frá festum skips.
- 4.4 Þegar enginn er í skipi skal það vera læst, lykklar geymdir á öruggum stað og reglulegt eftirlit haft með skipinu.
- 4.5 Tryggður skal sjá til þess að skipinu sé haldið við með fullnægjandi og eðlilegum hætti samkvæmt gildandi lögum og reglugerðum. Skipið skal vera haffært þegar það lætur úr höfn, útbúið og mannað með fullnægjandi hætti, tryggilega hlaðið og nauðsynleg skipsskjöl skulu vera um borð.
- 4.6 Stjórnendur skips og starfsfólk skulu vera í andlegu og líkamlegu ástandi til að geta stjórnað skipinu örugglega og ekki vera undir áhrifum áfengis, ávana- eða fíkniefna né annarra örvandi eða deyfandi efna við notkun skipsins.

Varúðarreglur eru kröfur sem gerðar eru með það að markmiði að koma í veg fyrir tjón eða draga úr líkum á að tjón verði. Mikilvægt er að vita hverjar þær eru.



5. Breyting á áhættu

- 5.1 Allar breytingar á gerð tryggðs skips og notkun, sem haft geta í för með sér aukna áhættu á tjóni, skal tilkynna VÍS tafarlaust. Láti tryggður það hjá líða getur það haft í för með sér lækun bóta.¹

6. Verð

- 6.1 Verð tryggingarinnar er reiknað út frá notkun, gerð og verðmæti tryggðs skips.

7. Endurgreiðsla vegna hafnarlegu

- 7.1 Ef skipinu er lagt í öruggri höfn að mati VÍS skal að tryggingartímabilinu loknu endurgreiða hluta þess verðs sem greitt hefur verið fyrir trygginguna:
- 7.1.1 Ef um er að ræða skip sem er stærra en 250 rúmlestir og stundar eingöngu togveiðar skal endurgreiða 0,15% af ársiðgjaldi skipsins fyrir hvern legudag enda hafi skipið legið samfleytt í 10 daga eða lengur.
 - 7.1.2 Fyrir önnur skip skal endurgreiða 0,15% af ársiðgjaldi skipsins fyrir hvern legudag enda hafi skipið legið samfleytt í 20 daga eða lengur.
- 7.2 Ákvæði 7.1 á ekki við hafi skip orðið fyrir altjóni á tryggingartímabilinu.

8. Eigendaskipti

- 8.1 Ef eigendaskipti verða að skipinu eða það er sett undir aðra útgerðarstjórn fellur tryggingin úr gildi þegar eigendaskipti eða skipti á útgerðarstjórn hafa átt sér stað. VÍS er þrátt fyrir þetta ábyrgt ef tjónsatburður verður innan 14 daga frá eigendaskiptum eða skiptum á útgerðarstjórn, ef hinn nýi aðili hefur ekki sjálfur tekið tryggingu.

II. Húftrygging

9. Bundið tryggingarverð

- 9.1 Í byrjun hvers tryggingartímabils skulu VÍS og tryggingartaki koma sér saman um tryggingarverð. Það samkomulag er bindandi fyrir VÍS, nema tryggingartaki hafi gefið rangar eða ófullnægjandi upplýsingar um atvik, sem höfðu þýðingu fyrir verðákvörðunina.²
- 9.2 Bundið tryggingarverð kemur fram í skírteini tryggingarinnar sem tryggingarfjárhæð.

10. Hvað bætir tryggingin?

- 10.1 Tryggingin bætir:
- 10.1.1 Altjón á tryggðu skipi þegar:
 - a) Skip ferst, er dæmt óbætandi³ eða verður fyrir svo miklum skemmdum að ekki er unnt að bjarga því eða gera við það.
 - b) Skip verður fyrir svo miklum skemmdum að kostnaður við að bjarga því og gera við það er hærri en bundið tryggingarverð skipsins.
 - c) Skip hefur ekki komið fram þremur mánuðum eftir að síðast spurðist til þess eða áhöfnin hefur yfirgefið skipið og það ekki komið undir umráð tryggðs innan þriggja mánaða frá því það var yfirgefið, en við það tímamark sem hér greinir telst tjónsatburður samkvæmt ákvæði þessu einnig hafa orðið.
 - d) Skip er hernumið eða kyrrsett af erlendu ríki og ekki látið laust innan 12 mánaða. Þetta á ekki við um tjón sem hlýst af því að skip er gert upptækt í refsímáli, kyrrsett eða selt að kröfu skuldheimtumanna.
 - 10.1.2 Skemmdir á skipinu sökum skyndilegrar og óvæntrar óhappatilviljunar, nema sérstök undantekning sé gerð í skírteini.
 - 10.1.3 Skemmdir sem raktar verða til einfalds gáleysis skipverja eða þriðja aðila.
 - 10.1.4 Skemmdir sem stafa af því að galli er í efni skipsins, smíðisgalli eða viðgerðargalli á því eða hlutum þess, enda verða skaðabætur ekki fengnar úr hendi þeirra sem ábyrgð kunna að bera á slíkum göllum.
 - 10.1.5 Kostnað sem óhjákvæmilega fylgir tjónsviðgerð, þ.e. starfsmannakostnað, slippkostnað, eyðslu í vélum skipsins, hafnargjöld, gæslu, þóknun til skoðunarmanns flokkunarfélags, svo og þóknun til skoðunarmanns eiganda ef um meiri háttar tjón er að ræða, eins og nánar er ákveðið í niðurlýsingum í viðauka I við skilmálann. Þóknun til skoðunarmanns eiganda er háð fyrir fram samþykki VÍS.
 - 10.1.6 Kostnað við förgun muna vegna bótaskylds tjóns.
 - 10.1.7 Kostnað við björgun samkvæmt ákvæðum siglingalaga, svo og eðlilegan

¹ Sbr. 25. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

² Sbr. 36. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

³ Sbr. 2. gr. siglingalaga nr. 34/1985



kostnað við ráðstafanir til að varna tjóni.

- 10.1.8 Þátttöku í sameiginlegu sjótjóni eins og slík þátttaka er ákveðin í York-Antwerpen reglunum.

11. Hvað bætir tryggingin ekki?

11.1 Tryggingin bætir ekki:

- 11.1.1 Þrátt fyrir gr. 10.1.4 eru ekki bættar skemmdir á þeim hlutum skipsins sem efnisgalli, smíðisgalli eða viðgerðargalli er á.
- 11.1.2 Tjón sem stafar af ófullnægjandi viðhaldi, fúa, þreytu, tæringu, sliti eða sambærilegum orsökum.
- 11.1.3 Tjón sem rakið verður til hönnunargalla og/eða breytinga sem gera þarf á skipinu vegna hönnunargalla.
- 11.1.4 Kostnað sem fylgir bótaskyldri tjónsviðgerð sem útgerðarmaður hefði orðið að greiða, óháð bótaskyldu tjóni, vegna útgerðar skipsins, viðhalds og/eða viðgerðar.
- 11.1.5 Kostnað vegna yfir- og helgidagavinnu.
- 11.1.6 Kostnað við að hreinsa og mála botn skipsins.
- 11.1.7 Óbeint tjón, svo sem aflatjón og kostnað sem stafar af töf, sbr. þó gr. 10.1.5.
- 11.1.8 Sektir og önnur refsiviðurlög.

12. Skip sama eiganda

- 12.1 Nú rekst tryggt skip á annað skip, er bjargað eða fær aðstoð annars skips og er VÍS þá greiðsluskilytt samkvæmt skilmálum þessum þótt það skip sé eign tryggðs eða bæði skipin lúti sömu útgerðarstjórn.
- 12.2 Þegar svo stendur á skulu tryggður og VÍS fela einum gerðarmanni að ákveða um sök, björgunarlaun eða þóknun fyrir aðstoð. Ef aðilar koma sér ekki saman um gerðarmann skal þess óskað að dómstjóri Héraðsdóms Reykjavíkur tilnefni hann. Niðurstaða gerðarmanns er bindandi og verður henni ekki skotið til dómstóla.

13. Háttsemi annarra

- 13.1 VÍS er heimilt að bera fyrir sig háttsemi aðila sem með samþykki tryggðs er ábyrgur fyrir hinu tryggða skipi.
- 13.2 Í atvinnurekstri er VÍS heimilt að bera fyrir sig háttsemi stjórnenda tryggðs lögaðila og stjórnenda hins tryggða skips.

14. Ákvörðun bóta

- 14.1 Ef altjón verður á skipi, sbr. gr. 10.1.1, bætir VÍS tjónið með því að greiða bundna tryggingarverðið.
- 14.2 Bætur fyrir tjón að hluta:
- 14.2.1 Skemmdir á skipinu bætir VÍS með því að greiða nauðsynlegan viðgerðarkostnað sem fallið hefur á tryggðan, ásamt tilheyrandi kostnaði, sbr. þó niðurfjöfnunarreglur í viðauka I.
- 14.2.2 Við uppgjör tjóna á skipinu skal aldrei greiða hærri bætur en nemur frumverði hlutarins að frádreginni afskrift miðað við aldur hans, sbr. eftirfarandi afskriftarreglur:

Heiti	Afskrift á ári	Hámarksafskriftir
Aðalvél, gir, skrúfa, hjálparvélar og tengdur búnaður	2%	15 ár
Önnur tæki og búnaður	6%	13 ár
Raflagnir	4%	21 ár
Röralagnir utan vélarúms	5%	17 ár
Bolur, yfirbygging og innréttingar	2%	Fyrstu 5 árin
	4%	Næstu 5 ár
	5%	Næstu 12 ár þar á eftir

- 14.3 Bætur fyrir skemmdir eða missi skipsins við hvern einstakan tjónsatburð skulu ekki vera hærri en bundið tryggingarverð.
- 14.4 Ef skip ferst eru ekki greiddar bætur fyrir óviðgerðar skemmdir á því.
- 14.5 Nú semur VÍS við tryggðan um bætur án þess að viðgerð fari fram eða skipið hafi verið dæmt óbætandi, sbr. gr. 10.1.1 og tryggður heldur skipinu og skulu þá bæturnar aldrei vera hærri en 90% af viðgerðarkostnaði eins og dómkvaddir matsmenn meta hann eftir



ákvæðum skilmálanna og niðurbjórningurum í viðauka I.

- 14.6 Nú er gert við skipið þó að skilyrði gr. 10.1.1 séu fyrir hendi og takmarkast þá greiðsluskýlda VÍS við bundið tryggingarverð að frádrögnum verðmæti skipsins eftir tjónsatburð.
- 14.7 Greiddar eru hæfilegar bætur umfram bundið tryggingarverð vegna kostnaðar tryggðs við að varna tjóni eftir að tjónsatburður hefur gerst.⁴

15. Viðgerð á skemmdum

- 15.1 Tryggður skal gefa VÍS kost á að skoða og meta tjónið áður en viðgerð hefst eða skemmdum munum er ráðstafað.
- 15.2 Tryggður skal sjálfur annast viðgerð á skemmdum á skipinu nema VÍS fari fram á annað. Tryggður skal hafa fullt samráð við VÍS um hvar og hvenær viðgerð fer fram á skemmdum sem tryggingin bætir. Geri hann það ekki er VÍS óskýlt að greiða kostnaðarauka sem af því kann að leiða.
- 15.3 Að jafnaði skal viðgerð fara fram innan árs frá tjónsatburði og er VÍS ekki skýlt að greiða kostnaðarauka ef dráttur verður lengri. Sama gildir ef efnislegt tjón eykst við það að viðgerð dregst lengur en eitt ár.

16. Réttur VÍS til tjónamuna

- 16.1 Þegar greiddar hafa verið bætur fyrir altjón eða einstaka hluti öðlast VÍS rétt tryggðs til þess sem enn kann að vera til af hlutum sem bættur hefur verið. VÍS á rétt á því að fá afhent öll skjöl og sönnunargögn sem varða muni þessa frá tryggðum.

III. Ábyrgðartrygging

17. Tryggingarfjárhæð

- 17.1 Hámark samanlagðra bóta samkvæmt þessum kafla vegna eins tjónsatburðar er það hámark sem kveðið er á um í 1.-3. mgr. 177. gr. siglingalaga nr. 34/1985.

18. Hvað bætir tryggingin?

- 18.1 Tryggingin bætir tjón sem tryggt skip veldur með árekstri og tjón sem verður á annan hátt vegna mistaka við stjórnun þess, enda sé um að ræða beint líkams- eða munatjón sem tryggður veldur með sagnæmum og ólögumætum hætti.
- 18.2 Tryggingin bætir kostnað við að fjarlægja flak skips þriðja aðila.

19. Hvað bætir tryggingin ekki?

- 19.1 Tryggingin bætir ekki:
- 19.1.1 Skaðabótakröfu frá starfsfólki eiganda eða útgerðarmanns hins tryggða skips, né skaðabótakröfu frá eigendum afla eða annars sem skipið flytur.
 - 19.1.2 Tjón þriðja aðila vegna ábyrgðar tryggðs á skemmdum munum eða glataðra muna sem tryggður hefur að láni, á leigu, til geymslu, sölu, flutnings eða eru af öðrum ástæðum í vörslu hans, þar á meðal muna sem tryggður hefur tekið í heimildarleysi.
 - 19.1.3 Sektir og önnur refsiviðurlög.
 - 19.1.4 Óbeint tjón, svo sem aflatjón og kostnað sem stafar af töf.

20. Ákvörðun bóta fyrir líkamstjón

- 20.1 Bætur fyrir líkamstjón ákvarðast á grundvelli skaðabótalaga nr. 50/1993, sbr. þó 17. gr. skilmála þessara.

21. Ákvörðun bóta fyrir munatjón

- 21.1 Bætur skulu miðaðar við verðmæti á tjónsdegi, sbr. þó 17. gr. skilmála þessara.
- 21.2 Ef unnt er að gera við það sem skemmdist þannig að það verði í svipuðu ástandi og fyrir tjón og það borgar sig að mati VÍS, getur VÍS annað hvort greitt áætlaðan viðgerðarkostnað eða látið gera við það sem skemmdist og greitt viðgerðarkostnaðinn.
- 21.3 Ef ekki er unnt að gera við það sem skemmdist eða það borgar sig ekki að mati VÍS, getur VÍS greitt bætur í peningum eða útvegað sambærilegan hlut og varð fyrir tjóninu. Hafi verið greiddar bætur samkvæmt þessari grein áskilur VÍS sér rétt til að gera tillall til þess sem skemmdist.
- 21.4 VÍS hefur rétt til að greiða mismun á verðmæti þess sem skemmdist eins og það var fyrir tjónsatburð og verðmæti eftir tjónsatburð.
- 21.5 Tryggður skal ekki hagnast á tjónsatburði. Tryggingin skal einungis bæta raunverulegt

⁴ Sbr. 38. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.



tjón tryggðs.

22. Staða tjónþola við tjón

- 22.1 Ef trygging tekur til tjóns tryggðs vegna skaðabótaábyrgðar sem hann ber getur tjónþoli krafist bóta beint frá VÍS. VÍS og tryggðum er skylt að upplýsa tjónþola um ábyrgðartryggingu sé hún fyrir hendi.
- 22.2 Ef fram kemur krafa um bætur á hendur VÍS skal tilkynna það tryggðum án ástæðulauss dráttar og veita honum upplýsingar um meðferð kröfunnar. Viðurkenning VÍS á atriðum sem lúta að ábyrgð er ekki bindandi fyrir tryggðan.
- 22.3 Nú tilkynnir tjónþoli að hann hyggist höfða mál á hendur VÍS og getur VÍS þá krafist þess að hann beini málshöfðuninni einnig gegn tryggðum. Skal VÍS tilkynna tjónþola um þá kröfu sína án ástæðulausrar tafar og á sannanlegan hátt.
- 22.4 Um stöðu tjónþola að öðru leyti vísast til 44. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

23. Meðferð bótakrafna

- 23.1 Tryggðar ber að leita samráðs við VÍS um réttarstöðu sína ef hann er krafinn skaðabóta vegna tjóns sem hann er talinn eiga sök á.
- 23.2 Tryggður má ekki viðurkenna bótaskyldu sína eða gera samninga um bætur án samþykkis VÍS.
- 23.3 VÍS kemur fram fyrir hönd hinna tryggðu og ræður málsmeðferð allri og annast málsmeðferð fyrir dómstólum ef á reynir. Sama gildir um kröfur um laun fyrir björgun eða aðstoð.

Það sem fram kemur á hægri spássíu er eingöngu til leiðbeiningar fyrir viðskiptavini en er ekki hluti af texta skilmálans og ekki ætlað til túlkunar einstakra greina hans.



Viðauki I – Niðurjöfnunarreglur vegna tjóna

1. Slippkostnaður

- 1.1 VÍS bætir allan kostnað við upp- og framsátur ef eingöngu er unnið við skipið í slipp vegna bótaskyldrar viðgerðar, en helming kostnaðar ef einnig er unnið fyrir reikning útgerðarmanns. Nú eru fullir sex mánuðir liðnir frá því að skipið var síðast í slipp og greiðir þá útgerðarmaður allan kostnað við upp- og framsátur.
- 1.2 VÍS bætir allan kostnað við hliðarfærslu í slipp ef færa þarf skipið eingöngu vegna bótaskyldrar viðgerðar, en helming kostnaðar ef einnig þarf að færa skipið vegna aðgerða fyrir reikning útgerðarmanns.
- 1.3 Slippleigan skiptist á milli VÍS og útgerðarmanns í beinu hlutfalli við þann dagafjölda sem aðgerðirnar, er hvor ber kostnað af, myndu hafa tekið ef framkvæmdar hefðu verið einar sér.

2. Starfsmannakostnaður

- 2.1 Ef skip tefst frá veiðum eða annarri eðlilegri notkun vegna bótaskyldrar viðgerðar bætir VÍS kauptryggingu yfirmanna skipsins í samræmi við kjarasamninga SFS að frádregnum sjö fyrstu dögnum er skipið tefst. Kaup greiðist þó aldrei fyrir lengri tíma en nemur lögboðnum uppsagnarfresti að frádregnum sjö dögum. Til yfirmanna teljast skiptstjóri, stýrimenn og vélstjórar.
- 2.2 Starfsmannakostnaður bætist ekki nema skemmdir séu þess eðlis að viðgerð verði að fara fram innan sex mánaða frá því að tjónsatburð bar að höndum. Það er skilyrði fyrir greiðsluskyldu VÍS að útgerðarmanni sé skylt að greiða nefndan starfsmannakostnað.
- 2.3 Ef samtímis er unnið fyrir reikning útgerðarmanns skiptist kauptrygging milli VÍS og hans í beinu hlutfalli við þann dagafjölda sem aðgerðirnar, er hvor ber kostnað af, myndu hafa tekið ef framkvæmdar hefðu verið einar sér.
- 2.4 Ef skipið er sent til útlanda gagngert til viðgerðar á bótaskyldu tjóni með samþykki VÍS bætir VÍS starfsmannakostnað vegna þeirra skipverja sem þarf til að sigla skipinu milli landa og fer upphæð kostnaðarins eftir því sem ákveðið er hverju sinni í heildarkjarasamningum milli sjómanna og útgerðarmanna. Nú er samtímis unnið við skipið fyrir reikning útgerðarmanns og skiptist þá starfsmannakostnaðurinn í hlutfalli við þann dagafjölda sem aðgerðirnar, er hvor ber kostnað af, myndu hafa tekið ef framkvæmdar hefðu verið einar sér. VÍS bætir á sama hátt kostnað við að senda skipverjana heim og út aftur til að sækja skipið ef sú ráðstöfun kostar minna en dvöl þeirra erlendis.

3. Eyðsla í vélum skipsins, hafnargjöld og varðstaða

- 3.1 VÍS bætir eyðslu í vélum skipsins, hafnargjöld og nauðsynlega varðstöðu meðan skipið tefst í höfn vegna bótaskyldrar viðgerðar. Ef samtímis er unnið fyrir reikning útgerðarmanns vegna breytinga á skipinu, nauðsynlegrar viðgerðar eða nauðsynlegs viðhalds, skiptist þessi kostnaður á sama hátt og slippleiga.
- 3.2 Ef skipið er sent til útlanda gagngert til viðgerðar á bótaskyldu tjóni með samþykki VÍS bætir VÍS eyðslu í vélum skipsins á siglingunni á sama hátt og starfsmannakostnað.

4. Léttbátur

- 4.1 Léttbátur skipsins er tryggður með skipinu og bætir VÍS tjón sem á bátnum kunna að verða meðan hann stendur á sínum stað um borð í skipinu eða er í notkun sem björgunarbátur.

5. Bráðabirgðaviðgerð

- 5.1 Fari fram bráðabirgðaviðgerð á bótaskyldu tjóni bætir VÍS kostnað vegna þeirrar viðgerðar að því marki sem hún kemur að notum við fullnaðarviðgerð.